

## Gjafir í tilefni aldarafmælis

Þann 9. október síðastliðinn voru liðin 100 ár frá fæðingu Guðmundar Runólfssonar, skipstjóra, útgerðarmanns og heiðursborgara Grundarfjarðarbæjar.

Guðmundur helgaði sig sjómennsku og útgerð í Grundarfirði og tók að sér ýmis trúnaðarstörf fyrir sjávarútveginn og sína heimabyggð og hann átti stóran þátt í þeirri framþróun og breytingum sem átti sér stað í Grundarfirði á lífskeiði hans. Það var honum mjög hugleikið að efla samfélag sitt, allt til síðasta dags. Í Morgunblaðinu á föstudag var grein þar sem farið var yfir lífshlaup Guðmundar en einnig er hægt að lesa greinina á facebook-síðu G. Run hf.

Afkomendur Guðmundar Runólfssonar vildu minnst hans á þessum merkis degi og færðu þau hinum ýmsu félagasamtökum og stofnunum veglegar peningagjafir, en það var algjörlega í anda Guðmundar að styrkja uppbyggingu samfélagsins.

Samtals voru veittir styrkir að upphæð 10 milljónir en þeir



sem hlutu styrk voru Ungmennafélag Grundarfjarðar, Setbergsókn, Dvalarheimilið Fellaskjól, Björgunarsveitin Klakkur, Skotgrund - Skotfélag Snæfellsness,

Golfklúbburinn Vestarr og verkefni um uppbyggingu útikennslu- og fjölskyldugarðs í Þríhrynngi, á vegum Grundarfjarðarbæjar.

Styrkur til síðastnefnda verkefnisins á að renna til kaupa á leiktækjum fyrir unga sem aldna. *jó*




### Bólusetning gegn inflúensu

Byrjað verður að bólusetja gegn hinni árlegu inflúensu á Heilsugæslunni í Ólafsvík á næstu dögum.

Sóttvarnalæknir mælist til að eftirtaldir áhættuhópar njóti forgangs við inflúensubólusetningar og byrjað verður á þeim hópum:

- Allir einstaklingar 60 ára og eldri.
- Öll börn og fullorðnir sem þjást af langvinnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifransjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum.
- Barnshafandi konur.

Í kjölfarið verður hafist handa við bólusetningu annarra einstaklinga. Tímabantanir fara fram í gegnum síma: **432 1360**.

HEILBRIGÐISSTOFNUN VESTURLANDS ÓLAFSVÍK • Engfellið 28 • 305 Ólafsvík • Sími: 432 1360 • Netfang: heilvika.is • www.hv.is

## Allir með beltin spennt

Dagana 25. og 26. september framkvæmdi Slysavarnadeildin Sumargjöf umferðarkönnun í samstarfi við Samgöngustofu og Landsbjörgu. Voru slysavarnakonur staðsettar við gatnamót við Grundarbraut og Vallholt í Ólafsvík og einnig við gatnamót upp á Fróðárheiði norðan megin.

Við Fróðárheiðina var gerð könnun á milli kl 16.00 og 18.00, á þeim tíma fóru 80 bílar framhjá. Í þessum 80 bílum voru allir ökumenn og farþegar með öryggisbeltin spennt. Þrír ökumenn voru í símanum, þrír voru með bílljósín slökkt og þrír voru með biluð bílljós.

*jó*



Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

**Pétur Kristinsson hdl.**  
lögiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



FISKMARKAÐUR  
ÍSLANDS

Sími: 430 3700  
www.fmis.is



## Mun loka um áramót



Rífssaumur er í eigu Katrínar Gísladóttur og hefur verið rekin í rúmlega 12 ár. Í húðinni selur Katrín garn ásamt flestu sem þarf í þrjónaskap, hún hefur einnig merkt handklæði, sængurföt og ýmislegt fleira ástamt því að bjóða upp á ýmsa smávöru sem og handverk unnið af heimafolki. Verslunin var stofnuð árið 2008 þegar hún fór að selja garn í húsnæði sínu á Rífi fyrir þann tíma var hún eingöngu að merkja. Smám saman vatt þetta uppá sig og fyrir um það bil 2 og hálfu ári flutti hún verslunina til Ólafsvíkur. Blaðamaður kíkti á Katrínu þar sem heyrst hafði að hún ætlaði að loka versluninni. “Já, þessa ákvörðun tók ég á dögum og hún var alls ekki

auðveld en ég hef verið að hugsa þetta í dálítinn tíma” Ástæðuna fyrir ákvörðuninni sagði Katrín vera breytta viðskiptahætti en eins og flestir vita hafa þeir breyst mikið á undanförunum árum. “Það hefur alltaf gengið vel og verið mjög gaman, hitt mikið af fólki og notið þess að vera hér og sinna viðskiptavinum, en nú er kominn tími til að loka og mun ég loka nú um áramótin.” Það verður sjónarsviptir af Rífssaumi enda hefur hún þjónað handavinnufólki vel þessi ár, það er spurning hvort einhverjir taki við keflinu og hafi samband við Katrínu en hún sagði að það væri sjálfsgagt og um að gera að hafa samband.

þa



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ og Grundarfirði,

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 1.100

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

## Athafnir færast á facebook



Í Grundarfjarðarkirkju stóðu yfir upptökur á helgistundum í síðustu viku til að setja á vefinn. Þegar lokanir skullu á enn og aftur var brugðið á það ráð að fara í upptökur svo hægt væri að bjóða upp á helgistundir á sunnudögum í október. Söfnuðurinn í Grundarfirði býr svo vel að organistinn Þorkell Máni Þorkelsson starfar einnig sem hljóð- og myndupptökumaður og stjórnar þessu verkefni. Kórinn getur ekki aft

þannig að kórstjórinn Linda María Nielsen syngur í athöfnunum. Síðastliðinn sunnudag birtist fyrsta helgistundin á facebook-síðu Grundarfjarðarkirkju. Í þessari viku hefjast upptökur á Bleiku messunni sem verður 18. október og munu fleiri taka þátt í þeirri framkvæmd.

Myndina af Þorkeli Mána og Lindu Maríu við upptöku tók Aðalsteinn Þorvaldsson.



Grundarfjarðarbær

## Fjárhagsáætlun 2021 umsókn um styrki

Hafin er vinna við gerð fjárhagsáætlunar Grundarfjarðarbæjar fyrir árið 2021.

Auglýst er eftir styrkumsóknum frá einstaklingum og/eða félagasamtökum.

Hefur þú eða félagasamtök á þínum vegum hug á að senda inn styrkumsókn fyrir árið 2021?

Sendu þá umsókn á netfangið:  
grundarfjordur@grundarfjordur.is

Taktu fram fjárhæð þess styrks sem óskað er eftir og láttu fylgja stutta greinargerð.

Umsóknarfrestur er til og með  
26. október 2020.

# Slysavarnadeildin Sumargjöf



Eins og hjá svo mörgum félögum, klúbbum og fleirum hefur starfið hjá svd Sumargjöf verið með minnsta móti sem af er þessu ári, fundir, fjáraflanir og fleira fellt niður. Slysavarnafélagið Landbjörg býður uppá ýmsa viðburði og fundi á netinu. Þökkum við fyrir það.

Við gátum haldið aðalfund þann 11. mars sl. Sigurbjörg Jónsdóttir kom þá ný í stjórn.

Stjórnin er þannig skipuð: Ragnheiður Víglundsdóttir formaður, Sigurbjörg Jónsdóttir varaformaður, Þuríður M Sigurlaugsdóttir gjaldkeri, Fanný Berit Sveinbjörnsdóttir ritari, Árný Bára Friðriksdóttir og Metta Guðmundsdóttir meðstjórnendur.

Þann 2. september var haldinn

stjórnarfundur í Pakkhúsinu í Ólafsvík. Á fundinn kom Hinrik Pálsson og afhenti deildinni peningagjöf. Við færum Hinna bestu þakkir fyrir gjöfina og þann hlýhug sem þar býr að baki.

Fyrirhugað er bæta aðstöðuna á neðri hæðinni í björgunarstöðinni Von. Setja þar upp þvottavél og gera vinnuástöðu betri. Allt er þetta gert í samráði við hússtjórn hússins ásamt svd Helgu Bárðardóttur og Björgunarsveitinni. Kvenda-eildirnar gáfu vaskaborð, bakplötu og blöndunartæki að þessu tilefni.

Með þakklæti og von um betri tíð framundan.

Stjórn svd Sumargjafar

## Covid á Snæfellsnesi

Staðan á Snæfellsnesi, þriðjudaginn 13. október lítur betur út en áður í þessari þriðju bylgju Covid-faraldursins.

Síðasta smit á Snæfellsnesi greindist í Grundarfirði 9. október en sá aðili var í sóttkví. Þá eru ekki nema 3 einstaklingar í sóttkví, 1 í Stykkishólmi og 2 í Grundarfirði. Smituðum einstaklingum í einangrun hefur fækkað niður í 3 í Stykkishólmi og eru 4 í Grundarfirði.

Víðir Reynisson sagði í samtali

við Vísi eða hann telji að við séum ekki farin að sjá toppinn á þessari bylgju ennþá, enda 50 til 99 smit að greinast á dag síðstu vikuna. Því er mikilvægt, líkt og áður, að halda áfram að fylgja gildandi takmörkunum og huga að persónubundnum sóttvörnum.

Nú er tilvalið að hægja aðeins á, taka skref aftur og eyða tíma í sig, með fjölskyldunni eða úti í náttúrunni.

sj



Bifreiðaverkstæði Ægis.  
Rífl. S-436677

Betra fyrir bílinn

## Lýsing og matslýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015–2031 á Hellnum

(Athugasemdafrestur framlengdur til 15. nóvember 2020)

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar hefur samþykkt lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015 – 2031 í samræmi 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lýsingin er gerð vegna fyrirhugaðrar breytingar gildandi aðalskipulags Snæfellsbæjar á Hellnum. Á landi Gíslabæjar verði landnotkun á svæði ofan vegar breytt þannig að þar verði verslun og þjónusta og svæði fyrir íbúðarbyggð minnkað. Í gildandi aðalskipulagi er verslun og þjónusta eingöngu neðan vegar. Landnotkun á lóð Melabúðar 1 verði breytt úr frístundabyggð í íbúðarbyggð, en sú lóð er neðan vegar.

Lýsingin er aðgengileg á heimasíðu Tæknideildar Snæfellsbæjar, [www.snb.is](http://www.snb.is)

Hægt er að skila ábendingum vegna lýsingarinnar til skipulags- og byggingarfulltrúa á netfangið byggingarfulltrui@snb.is til og með 15. nóvember 2020.

Hagsmunaaðilum verður boðið upp á fjárfund 2. nóvember kl. 17. Þeir sem vilja taka þátt sendi netpóst á byggingarfulltrui@snb.is

Davíð Viðarsson  
Skipulags- og byggingarfulltrúi



Snæfellsbær | Klettsbúð 4 | 433 6900 | [snb.is](http://snb.is)

## Pakkir til G. Run hf.

Eins og fram kemur á forsiðu Jökuls þá vildu afkomendur Guðmundar Runólfssonar minnast hans í tilefni aldarafmælis og færðu þau hinum ýmsu félagasamtökum og stofnunum veglegar peningagjafir, Skotfélag Snæfellsness er eitt af þeim félögum sem fékk að njóta góðs af velvild afkomenda Guðmundar, en þau styrktu félagið um 500.000 kr. til

áframhaldandi uppbyggingar- og æskulýðsstarfs. Við færum afkomendum Guðmundar Runólfssonar innilegustu þakkir fyrir þennan rausnarlega styrk sem mun án efa styrkja uppbyggingu félagsins enn frekar.

Fyrir hönd Skotfélags Snæfellsness  
Jón Pétur Pétursson



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

[vegr@vegr.is](mailto:vegr@vegr.is) [vegr.is](http://vegr.is)

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður



ÍSLENSKA  
ÁNÆGJUÖGIN

# Ánægðari viðskiptavinir

Við tryggjum hjá Sjóvá

*Gudnir H. Gósvaldsdóttir. Emmalouise Brann*

**SJÓVÁ**